

20.3.2018

Sæl verið þið

Mig langar að setja inn þessa umsögn og vonast eftir því að hún verði lesin og tekin til greina.

Aðeins um sjálfan mig. Ég er 46 ára Vestmannaeyjlingur, og 2ja barna faðir.

Ég byrjaði að reykja 13 ára og reykti stanslaust 2-3 pakka á dag, þar til í fyrra að ég drap í, í síðasta skiptið. Ég hafði prófað ýmsar aðferðir við að reyna að hætta, tyggjó, munnsprey en fannst það hreinlega ógeðslegt, í einu orði sagt.

Líf mitt breyttist til hins betra, eftir að ég prófaði eimsprotann. (Ég ætla ekki að kalla þetta apparat „rafrettur“, finnst það ekki passa) Þol mitt jókst, lyktarskynið kom aftur, og matur varð bragðbetri. Að ekki sé minnst á budduna, ég varð alveg var við að hún þyngdist aðeins.

Ég vil meina að eimsprotinn hafi jafnvel bjargað lífi mínu, nefni sem dæmi að í ættinni minni eru ansi margir sem hafa fallið fyrir hendi krabbans. (Amma og 2 systkini hennar, öll stórreykingafólk, fóru á innan við 2 árum)

En að frumvarpinu:

1. Það er brot á mér, sem neytanda að þurfa að kaupa úrelta vöru (6 mánaða tillagan) Þetta þýðir að veipverslanir munu alltaf á einhverjum tímapunkti, ekki geta boðið upp á vöruna sem ég vil kaupa, út af takmörkunum af hendi ríkisins.
2. Það er brot á mér sem neytanda að geta ekki keypt stærri tank en 2 ml, og flöskur sem eru 10 ml, þetta leiðir af sér að ég mun þurfa að fylla örar á og auka kostnað, vegna þess að 10 ml flöskurnar eru hlutfallslega miklu dýrari en stærri flöskurnar. Þetta gæti hæglega orðið til þess að fólk hætti að veipa vegna kostnaðar og fari að reykja aftur. Fyrir utan svo þá staðreynd að 10 ml flöskurnar eru úr plasti og innsiglaðar með plasti. Sé ekki umhverfisverndarsjónarmið í því. Þetta með tankana er svo auðvitað bara vitleysa, það er ekki til sá tankur sem lekur ekkert, aldrei.
3. 18 ára takmarkanir finnast mér af hinu góða, mér finnast börn ekkert hafa með veip að gera. Ég vil helst að veipbúðirnar sem eru til staðar, ss sérhæfðar verslanir þar sem ég og aðrir fá þá þjónustu og fróðleik sem við erum að sækjast eftir, fái einkarétt til að selja veiptengdar vörur. Ekki td 10-11, þar sem fólk veit nákvæmlega ekkert hvað það er að selja, og selur jafnvel til barna. Heyrði td af aðila út á landi sem var að selja veiptengdar vörur í bílskúrnum hjá sér, mér finnast það ekki í lagi.
4. Hvaða „einnota rafrettur“ eruð þið að visa til? Svoleiðis er löngu komið úr sölu her á landi, eftir því sem ég best veit.
5. Skil ekki tilganginn með að setja löggjöf í sambandi við veip, sem er strangari en tóbakslöggjöfin. Td þetta með innihaldslýsinguna, hef ekki séð sígarettupakka sem er með NÁKVÆMA upptalningu á ÖLLUM efnum í sígarettum.

Vestmannaeyjar

20/3/17

Hörður Guðmundsson